

Nr. 11.
9. sept.

Lög

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til 1. desember 1917 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en eina miljón króna í mesta lagi. Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því aðeins leyfa að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvember 1905.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti 2 % á ári af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík samkvæmt brjefi eða símskeyti fjárhæðir þær, sem landsbankinn borgar inn í reikning Íslands banka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar að svo miklu leyti, sem inneign Íslands banka þar leyfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skaganum, 9. september 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.